

## Leiðbeinandi reglur um starfslok og stórviðburði í lífi starfsmanna

- Stjórnendur ákvarða almennt hvernig standa beri að því að kveðja starfsmenn sem láta af störfum.
- Viðmiðunarreglan er að starfsmenn eigi að kveðja, þeim séu þökkuð störf á vegum sveitarfélagsins og þeir kvaddir með virktum af stjórnanda og samstarfsmönnum.
- Kostnaði er stillt í hóf og taki mið af fjárheimildum.
- Hver stofnun útfærir nánar viðmið til samræmingar varðandi starfslok, sem eru hluti af reglum þessum, en stjórnanda ber að horfa sérstaklega til þess þegar starfsmenn hætta vegna aldurs.
- Stjórnendum ber að meta hvernig starfslok bar að og eins hve lengi starfsmenn hafa starfað hjá sveitarfélaginu.<sup>1</sup> Starfsmaður sem hættil ekki vegna aldurs og hefur starfað hjá sveitarfélaginu í skemmri tíma en eitt ár ætti t.a.m. ekki að kveðja með sama hætti og starfsmann sem lætur af störfum vegna aldurs eftir fjölda ára í starfi.
- Jafnframt ber stjórnendum að leitast við að samræmi sé í því hvernig vinnustaðurinn fagnar stórviðburðum í lífi starfsmanna, s.s.. 30, 40, 50 og 60 ára afmæli starfsmanna, starfsafmæli, giftingum og fæðingum barna. Sveitarfélagið gefur alla jafna ekki gjafir af þeim tilefnum.

### Um starfslok almennt.

Starfsmenn Fjarðabyggðar og stofnana skulu láta af störfum eigi síðar en í lok þess mánaðar sem þeir verða 70 ára. Skal yfirmaður viðkomandi starfsmanns ræða við hann um fyrirkomulag starfsloka með hæfilegum fyrirvara og skipuleggja starfslok. Segi starfsmaður upp störfum, eða óski lausnar frá starfi skal uppsögn eða ósk um lausn vera skrifleg, eða tilkynnt með öðrum óyggjandi hætti. Uppsagnir af hálfu sveitarfélagsins skulu vera skriflegar. Fara skal með uppsagnir eftir ákvæðum kjarasamninga og laga eftir því sem við á og samráð haft við bæjarritara. Starfsmönnum er veitt lausn af því stjórnvaldi sem annaðist ráðningu.

**Viðverukerfi.** - Tilkynna þarf starfslok í Bakverði þegar fyrir liggur að starfsmaður hefur sagt starfi sínu lausu. Nota skal aðgerðina; „Fleiri aðgerðir“ – „upplýsingar um starfsmann“

**Starfslokátilkynning.** - Ganga skal frá starfslokátilkynningu um leið og starfsmaður segir starfi sínu lausu og senda hana undirritaða til mannauðsteymis.

**Innkallanir á búnaði** - Stjórnandi heldur eftir afriti af starfslokátilkynningu og nýtir til að kalla eftir búnaði, s.s. tölvu, síma, lykklum, aðgangs-, innkaupa- og heimildakortum, auk annars búnaðar sem starfsmaður hefur haft til afnota.

**Sérmál vinnustaðar** - Hér má færa inn reglur sem eiga sérstaklega við um einstaka vinnustaði.

Samþykkt í bæjarráði Fjarðabyggðar 29.ágúst 2012

<sup>1</sup> Starfsmaður hættil sem starfað hefur nánast alla sína starfsævi hjá sveitarfélaginu og hættil vegna aldurs.

Starfsmaður hættil sem starfað hefur í fjölda ára og hættil vegna aldurs.

Starfsmaður hættil sem starfað hefur lengi og fer í starf utan sveitarfélagsins.

Starfsmaður hættil sem starfað hefur í frekar skamman tíma.

Starfsmaður hættil en fer í annað starf hjá sveitarfélaginu.

Starfsmaður hættil en starfslok eru tilkomin vegna uppsagnar eða annarra neikvæðra ástæðna.

Stórafmæli starfsmanna sem starfað hafa í skamman tíma.

Stórafmæli starfsmanna sem starfað hafa í fjölda ára.